

komi einfalt fangelsi í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

*Margrét Þorsteinsdóttir.*

Gegn neitun kærðu verður ekki talið fullsannað, að hún hafi selt vitnunum, sem talin eru undir 1, 2 og 6 hér að framan, og verður því að sýkna hana af þeim hluta kærunnar. Hinsvegar verður að telja nægilega sannað, að hún hafi selt vitnunum Friðrik Sigurbjörnssyni og Sveini Jónssyni áfengi, eins og þeir hafa samhljóða borið og lýst er nánar undir 3 hér að fram. Þetta brot kærðu varðar við 3. gr. reglugerðar nr. 108, 1931, og ber samkvæmt 14. gr. reglugerðarinnar að tiltaka refsingu kærðu eftir 32. gr. áfengislaga nr. 64, 1930, þykir refsingin með hliðsjón af því, að kærða hinn 9. júní 1932 var sektuð um 600 krónur fyrir samskonar brot, hæfilega ákveðin 1000 króna sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 45 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma kærðu til þess annað fyrir bæði og bæði fyrir annað, að greiða allan kostnað sakarinnar þar á meðal 50 krónur í málsvarnarlaun til verjanda síns, Eggerts Claessens, hæstaréttarmálaflutningsmanns.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 6. okt. 1933.

Nr. 60/1933. **Valdstjórnin** (Th. B. Lindal)

gegn

**Þorvaldi Kristjáni Ólafssyni**

(Sveinbjörn Jónsson)

Bruggun.

*Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 29. marz 1933:* Kærði, Þorvaldur Kristján Ólafsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og 1500 króna sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 55 daga í stað sektarinnar, verði

hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Framangreint áfengi og bruggunartæki skulu upptæk og eign ríkissjóðs. Kærði greiði allan kostnað sakarinnar. Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur hæstaréttar.

Afbrot kærða heyrir undir 6. og 30. gr. laga nr. 64, 19. maí 1930, og með því fallizt verður á ákvæði lögregluréttardómsins um refsingu, upptöku bruggunartækja og áfengis og um málskostnað, ber að staðfesta dóminn og telst greiðslufrestur sektarinnar frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 50 kr. til hvors.

### Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal óraskað og telst greiðslufrestur sektarinnar frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Þorvaldur Kristján Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Theodórs B. Líndal og Sveinbjarnar Jónssonar 50 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða þannig:

Mál þetta er af valdsstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Þorvaldi Kristjáni Ólafssyni, Holtsgötu 17 hér í bænum, fyrir brot gegn áfengislögunum nr. 64, 1930, og eru mála-vextir þeir, er nú skal greina, eftir því sem upplýst er

með eigin játningu kærða, sem er í samræmi við annað það, er fram hefir komið í málinu.

Í byrjun þessa mánaðar lagði kærði áfengislögun í tvö kvartel og lagði 25 lítra í annað, en 40 lítra í hitt. Notaði hann í lögun þessa, auk vatns, strausykur og pressuger. Er áfengislögun þessi hafði gerjast, sauð kærði hana og fékk úr henni um 17 flöskur af fullbrugguðu áfengi, sem hann ætlaði að selja, en er hann var að enda við suðuna, gerði lögreglan, sem fengið hafði vitneskju um bruggið, húsleit hjá honum og fann bæði fyrrgreint áfengi og bruggunartæki þau, er kærði hafði notað. Var bruggunin í gangi, er lögreglan kom til að gera leitina, og logaði á oliuvél undir stórum suðubrúsa, sem áfengislögun var í, en úr suðubrúsanum lá eimingarpípa, er síðan lá í mörgum hlykkjum í gegnum kæliilát, og draup vínandinn úr pípu þessari í skaftpott, er stóð á gólfinu utan kæliilátsins.

Efnarannsóknarstofa ríkisins hefir rannsakað alkóhólmagn í tveim sýnishornum, sem tekin voru af vini því, er hjá kærða fannst, og reyndist það 56.3 og 66.4% eftir rúmmáli.

Framangreint brot kærða, sem hinn 12. febrúar s. l. með dómi þessa réttar var dæmdur í 12 daga fengelsi við venjulegt fangaviðurværi og 800 króna sekt fyrir ólöglega bruggun og sölu áfengis, þykir hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 55 daga í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Framangreind bruggunartæki og áfengi skal allt upptækt og eign ríkissjóðs. Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

---